

Ed.

878. Breytingartillögur

[209. mál]

við frv. til l. um Verðlagsráð sjávarútvegsins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 1. gr. B-liður 1. mgr. orðist:

B. Af hálfu fiskkaupenda:

- 1 fulltrúi tilnefndur af Sölusambandi íslenskra fiskframleiðenda.
- 1 fulltrúi tilnefndur af Sjávarafurðadeild S.Í.S.
- 2 fulltrúar tilnefndir af Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna.
- 2 fulltrúar tilnefndir af Félagi rækju- og hörpudiskframleiðenda.
- 2 fulltrúar tilnefndir af Félagi síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi.
- 2 fulltrúar tilnefndir af Félagi síldarsaltenda á Suðvesturlandi.
- 4 fulltrúar tilnefndir af Félagi íslenskra fiskmjölsframleiðenda.

2. Við 3. gr. Á eftir 1. mgr. komi ný mgr. svohljóðandi:

Þegar ákveða skal verð á rækju og hörpudiski skal Verðlagsráð skipað 4 fulltrúum fiskseljenda samkvæmt 1. gr. og 4 fulltrúum fiskkaupenda, þannig: 2 frá Félagi rækju- og hörpudiskframleiðenda, 1 frá Sjávarafurðadeild S.Í.S. og 1 frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna.